



## SPEGILL FORTÍÐAR - SILFUR FRAMTÍÐAR

Fræðsludagskrá veturinn 2009-2010 í

Sjóminjasafni Reykjavíkur – Víkinni

1

FIMMTUDAGUR 5. NÓVEMBER 2009

### **Á sjó eða brennu?**

**Bátar og brennur.** Þegar góða veislu gjöra skal, ár er kvatt og nýju heilsað, hefur landinn haft það til siðs síðustu áratuginna að brenna trébáta. Í erindi sínu fjallar **Agnar Jónsson, skipasmiður** um trébáta. Hvað varð um þennan hluta menningararfsins? Hvað eigum við eftir af honum og hver er stefna stjórnvalda í þessum efnum?

**Stolt siglir fleyið mitt.** Eikarbáturinn Húni II er stærsta eikarskip á Íslandi sem enn flýtur. Menningararfleið sem er vernduð með því að nýta hana. Atvinnuskapandi gleðigjafi sem auðgar mannlíf á Akureyri og í nágrenni allan ársins hring. **Þorsteinn Pétursson**, segir frá smíði og notkun Húna II. í gegnum árin.

2

FIMMTUDAGUR 3. DESEMBER 2009

### **Almættið og Íslands Hrafnistumenn**

**Heilsufar sjómanna.** Eru hetjur hafsins óbugandi og hraustari en aðrir? Eða hefur vetrarmyrkur, einsemd og einhæft starf áhrif á þá eins og aðra? Í erindi sínu gerir **Sonja Sif Jóhannesdóttir** grein fyrir rannsókn sinni á heilsufari og líkamsástandi sjómanna fyrir og eftir 6 mánaða íhlutunartímabil. Íhlutunin fólst í því að auka hreyfingu og bæta mataræði sjómanna, bæði á sjó og í landi. Sonja Sif er meistari í íþrótt- og heilsufræðum frá læknaeild Háskóla Íslands og íþróttaskor KHÍ

**Sjóarinn og almættið. Hlíf Gyldadóttir, þjóðháttarfræðingur** og kennari segir frá sjómönnum sem voru í burtu frá fjölskyldum og ástvinum á jólum vegna sjósóknar, hvernig aðbúnaður sjómanna var um borð á jólum og hvernig hann hefur breyst. Einnig segir hún frá siðum sem sjómenn stunduðu til að treysta velvild æðri máttarvalda við sjósóknina. Að lokum segir hún sögu af jólum tengdri Landhelgisgæslunni þar sem að ferð til hafnar að halda jólin á aðfangadag með fjölskyldum breyttist í björgunarleiðangur vegna visbendingar að handan sem varð til þess að tveimur skipum var bjargað úr sjávarháská.

3

FIMMTUDAGUR 7. JANÚAR 2010

### **Spor á ströndu**

**Að varðveita söguna við sjóinn.** **Anna Ólafsdóttir Björnsson**, sagnfræðingur segir frá nokkrum þáttum sem hafa áhrif á varðveislu sögustaða og sögumínja við ströndina í Sveitafélaginu Álftanesi.

**Frá vita til vita um auðuga strönd.** **Sif Jóhannesdóttir**, verkefnisstjóri hjá Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga segir frá þessu strandmenningarverkefni Þingeyinga.

4

FIMMTUDAGUR 4. FEBRÚAR 2010

**Menningararfurinn til atvinnuuppbyggingar***Reykjanesviti* – á Valahnjúk á Reykjanesi var 1. desember 1878 tekinn í notkun fyrsti viti landsins.*Agnes Stefánsdóttir, fornleifafræðingur hjá Fornleifavernd ríkisins* ræðir um vitann og fornminjar á Reykjanesi.*Ósvör – ein elsta verstöð Íslands* og eitt helsta aðdráttarafli Bolungarvíkur. *Finnbogi Bernóðusson, safnvörður* í Ósvör segir frá þessari gömlu verbúð sem m.a. geymir salthús, fiskihjalla, sexæring, dráttarspil, fiskireit og útihjalla sem gefa staðnum blá liðinna tíma.

5

FIMMTUDAGUR 4. MARS 2010

**Sjókonur fyrr og nú***Þær fiska sem róa. Helga Katrín Tryggvadóttir* segir frá rannsókn sem hún gerði fyrir

Samgönguráðuneytið árið 2008. Markmiðið var að kanna fjölda þeirra kvenna sem sækja sjóinn á Íslandi, starfsaðstæður, upplifun af starfinu og viðhorfum samfélagsins. Hlutfall kvenna af sjómönnum hefur verið og er ekki í dag mjög hátt en konur á Íslandi hafa þó stundað sjómennsku um aldir. Ekki virðist mikið um mismunun eða fordómum í garð kvenna hérlandis og skýringin á því hvers vegna konur stunda ekki sjómennsku í meira mæli vera að finna í menningarlegum normum fremur en ótta við fordóma.

*Hafnir landsins.* Fyrir skömmu kom út mjög áhugaverð bók um hafnir Íslands. Höfundur bókarinnar, *Kristján Sveinsson, sagnfræðingur*, sem einnig er einn höfunda bókarinnar *Vítar* á Íslandi, fræðir gesti um þennan merka menningararf.

6

LAUGARDAGUR 3. APRÍL 2010

**Í vetrarlok kveður félagið vetur og fagnar sumri með málþingi og samverustund frá 13-17 Bryggjur, tiltekt og íslenskir trébátar fyrr og nú**

Íslenska vitafélagið - félag um íslenska strandmenningu fagnar vori með málþingi.

*Tiltektarhöndin.* Þegar vorsólin hellir geislum sínum yfir land og þjóð rennur tiltektaræði á marga landsmenn þegar þeir sjá illahirt menningarverðmæti gægjast undan fannferginu. Í stað þess að hlú að þeim og nýta til nýsköpunar og atvinnuuppbyggingar hendir hugsunarlaus tiltektarhöndin þeim á hauga eyðingar eins og hverju öðru rusli. Í erindi sínu fjallar Valdimar Harðarson, landslagsarkitekt um hugsunarlausu tiltektarhöndina.*Siglir mitt fley* – Samstarf Nordnorsk fartøyvernsenter og båtuseum og Síldarminjasafns Íslands fæddi af sér gullfallegan trébát og aflaði báðum aðilum þekkingar í smíði trébáta og bátaverndar. *Örlygur Kristfinnsson, forstöðumaður* Síldarminjasafnsins segir frá þessu samstarfsverkefni þjóðanna.*Smíði, áhöld og varðveisla trébáta.* *Jón Ragnar Daðason, bátasmiður* ræðir um smíði trébáta á Íslandi og höld til bátasmiði.

ATH!

**Hugsanlegt er að einhverjar breytingar verði á dagskránni og þá verða þær tilkynntar á heimasíðu félagsins [www.vitafelagid.com](http://www.vitafelagid.com)**